

## Verkefnisáætlun við breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs vegna stækkunar á Vestursvæði: Langisjór – Eldgjá

12. desember 2011

### Viðfangsefnið

Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs hefur verið stækkað frá upphaflegum mörkum. Því þarf að marka stefnu fyrir þetta nýja svæði í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð (S&V). Hlutverk svæðisráðs Vestursvæðis er að vinna tillögu að breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun til stjórnar sbr. 8. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn fer síðan yfir tillöguna og gengur frá endanlegri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sbr. 12 gr.

Hér liggur fyrir verkefnisáætlun fyrir gerð tillögu svæðisráðs Vestursvæðis til stjórnar þar sem fram koma helstu verkþætti við gerð tillögunnar.

- Verklag við gerð tillögu.
- Gerð hagsmunaaðilagreiningar.
- Gerð samráðsáætlunar.
- Flokkun svæðis skv. IUCN
- Gerð umhverfismats.
- Kynning verkefnisins á vef Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vinna við verkefnið hófst í byrjun október.

### Verklag við gerð tillögu

Svæðisráð Vestursvæðis hefur ákveðið að tillaga þess verði í samræmi við uppsetningu og efnistöku nágildandi S&V. Svæðisráð mun vinna tillöguna í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 3. mgr. 12. gr. laganna um þjóðgarðinn. Svæðisráðið mun einnig hafa samráð við sveitarstjórnir, eigendur lands, aðra hagsmunaaðila á svæðinu og utan þess eftir atvikum.

Svæðisráð heldur utanum verkefnið og stýrir því, sér um samráð og aðra samhæfingu eftir atvikum. Svæðisráðið leggur einnig línur í upphafi um efnistöku, ákveður verklag og staðfestir verkáætlun fyrir verkið. Svæðisráð kynnir verkáætlun fyrir stjórn og býður stjórn að leggja fram tillögur og athugasemdir.

Þjóðgarðsvörður Vestursvæðis, Snorri Baldursson, er verkefnisstjóri við þessa vinnu fyrir hönd Vestursvæðis og ritstjóri við gerð tillögunnar.

### Gerð hagsmunaaðilagreiningar

Vinna þarf hagsmunaaðilagreiningu til að skipuleggja samskipti í verkefninu. Hún eykur skilning stjórnenda verkefnisins og annarra þátttakenda á eðli verkefnisins og er lykilatriði til að skipuleggja samskipti í verkefninu. Árangur í verkefninu getur að verulegu leyti oltið á samskiptum við hagsmunaaðila og því hvernig tekst að uppfylla væntingar þeirra.

## **Samráð og samráðsáætlun**

Samráð á vequm svæðisráðs: Svæðisráð þarf að ákveða tilhögun samráðs og gera áætlun um hvernig það fer fram. Það verði gert m.a. á grundvelli hagsmunaaðilagreiningar og að teknu tilliti til reynslu af samráði við gerð fyrstu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulspjóðgarð.

Starfshópur um samgöngur: Ákjósanlegt væri að nýta almennar ábendingar starfshópsins um samgöngur ef slíkar ábendingar liggja fyrir við endanlega mótun tillögunnar.

## **Gerð umhverfismats**

Eingöngu mun þurfa að vinna umhverfismat fyrir breytingu á stjórnunar- og verndaráætlunar, ef lagt verður til að farið verði í framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Við fyrstu skoðun í desember 2011 virðist ekki vera fjallað um neinar framkvæmdir sem undir lögin falla s.s. nýja vegi, línulagnir. Því má gera því skóna að ekki þurfi að vinna umhverfismat samhliða gerð tillögu. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróun tillögunnar, m.a. þegar hún kemur til kasta stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og kannað hvort endurskoða þurfi það mat að umhverfismatsins sé ekki þörf.

## **IUCN flokkun**

Auk ofangreinds þarf svæðisráð Vestursvæðis að móta tillögu að því undir hvaða verndarflokk/verndarflokka IUCN ætti að flokka það svæði sem fer nýtt inn. Lagt er til að það verði gert í lok þessarar vinnu þegar tillaga hefur verið að mestu mótuð varðandi ofangreint frá Svæðisráði.

Einnig er nauðsynlegt að bera tillöguna saman við aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og svæðisskipulags ef um slíkt er að ræða.

## **Kynning á vef Vatnajökulspjóðgarðs**

Mikilvægt er að kynna vel vinnu við gerð þessarar tillögu á vef Vatnajökulspjóðgarðs og framvindu þar. Lagt er til að sagt verði frá verkefnisáætlunin þegar hún er tilbúin og hefur hlotið umfjöllun stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Hagsmunaaðilagreiningin og samráðsáætlunin eru hluti af verkefnisáætluninni.

## **Gróf tímarás frá október 2011 til mars 2012**

- Verkefnisáætlun tilbúin frá svæðisráði með hagsmunaaðilagreiningu og samráðsáætlun:
  - Hagsmunaaðilagreining liggur fyrir 8. des.
  - Samráðsáætlun liggur fyrir 9. des.
  - Samþykkt verkefnisáætlun liggur fyrir frá svæðisráði 13. des.
  - Verkefnisáætlun kynnt stjórn Vatnajökulspjóðgarðs á stjórnarfundum 14. des..
  - Verkefnisáætlun kynnt Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands á fundum 16. des.
  - Verkefnisáætlun, hagsmunaaðilagreining og samráðsáætlun á vef Vatnajökulspjóðgarðs þann 16. des.

- Samráð:
  - Samráðsfundur haldinn með helstu hagsmunaaðilum, sveitarstjórn Skaftárhrepps, upprekstraraðilum, Veiðifélagi Skaftártungumanna og ferðafélaginu Útivist, 26. okt.
  - Samráðsáætlun unnin á grunni hagsmunaaðilagreiningar, tilbúin 10. desember.
  - Samráðs- og kynningarfundur með Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Vegagerðinni 16. des.
  - Gengið verði frá tilhögun samráðsfunda eftir fund svæðisráðs 9. janúar.
  - Opnir samráðsfundir haldnir með hagsmunaaðilum, sbr. ákvæði 12. gr. laganna, annars vegar á svæðinu og hins vegar hugsað fyrir hagsmunaaðila á landsvísu 23, 24, og 25. janúar.
  - Samráðsfundir verði auglýstir þann 10. jan.
  - Samráðsfundur, Nauthóli, Rvk 23. jan.
  - Samráðsfundur Kirkjubæjarklaustri 24. jan
  - Samráðsfundur í Laugalandi, Holtum 25. jan.
  - Úrvinnsla samráðsfunda á vef 30. jan.
- Áfangar við gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun (Sogv)
  - Rammi til kynningar frá stýrihópi, 31. okt.
  - Fyrstu drög 16. janúar frá svæðisráði Vestursvæðis. Drögin send lögbundnum hagsmunaaðilum þ.e. Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fornleifavernd ríkisins og Vegagerðarinni.
  - Tilhögun samráðs undirbúið á fundi svæðisráðs 9. janúar, m.a. á grundvelli ramma til kynningar.
  - Önnur drög frá stýrihópi 3. feb. 2012 til kynningar á vef þjóðgarðsins til 22. feb. *Samhliða sendi svæðisráð drögin til umsagnar lögbundinna umsagnaraðila s.s. sveitarstjórnnum, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fornleifavernd ríkisins og öðrum eftir atvikum.*
  - Lokatillaga að verndaráætlun til stjórnar 29. feb.
- Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tekur við - ath. hér er sýnt hvernig gangur mála gæti mögulega verið hjá stjórn þjóðgarðsins.
  - Gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun 1. mar. - 15. mar. 2012.
  - Stjórn samþykkir stjórnunar- og verndaráætlun til auglýsingar 15. mar. 2012